



346. Stjórnarfundur haldinn 14. jan. 2010 kl:17:00
Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Sveinn og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Engin.

3. Send bréf.

Engin.

4. Aðalfundir deilda og félagsins.

Farið yfir dagsetningar aðalfunda deilda og félagsins. Búið er að auglýsa fundina á heimasíðu félagsins. EH lagði áherslu á að stjórnarmenn mættu á fundina. Rætt um aðalfund félagsins og farið yfir helstu atriði er varðar aðalfund.

5. Önnur mál.

EH sagði frá fundi sem hann átti með formanni UMFN v/ samstarfssamnings deilda félaganna og síðan formönnum þeirra. Lagði fram drög að samstarfssamningi sunddeildar Keflavíkur og sunddeildar UMFN. Umræður urðu um samninginn. Formanni falið að skrifa undir hann af hálfu aðalstjórnar. Umræður um hugsanlegan afrekssjóð félagsins.

Næsti fundur boðaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:00
Fundinn ritaði SG

